

Miðvikudaginn 25. mars 1987.

Nr. 8/1987. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Þórði Bachmann

(Othar Örn Petersen hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Héraðsdómi var með stefnu 5. september 1986 áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 6. f.m.

Svo sem í héraðsdómi greinir er sannað að ákærði ók bifreið 23. janúar og 8. febrúar 1986, þótt hann hefði verið sviptur ökuleyfi. Ber að refsa ákærða samkvæmt 1. mgr. 27. gr. sbr. 81. gr. og 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 sbr. lög nr. 54/1976. Er refsingin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og af fyrri brotum ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Ber þannig að staðfesta dóminn.

Ákærði verður dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, þar með talinna saksóknarlauna, en verjandi ákærða, Othar Örn Petersen hæstaréttarlögmaður, hefur afsalað sér málsvarnarlaunum.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Garðakaupstaðar 10. júní 1986.

Árið 1986, þriðjudaginn 10. júní er á dómþingi sakadóms Garðakaupstaðar, sem háð er í skrifstofu dómsins að Strandgötu 31, Hafnarfirði af Júlíusi Magnússyni, upp kveðinn dómur í sakadómsmálinu nr. G-195 og G-208/1986: Ákærvaldið gegn Þórði Bachmann.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað með tveim ákæruskjölum

ríkissaksóknara, dags. 18. febrúar 1986 og 6. maí 1986, á hendur Þórði Bachmann, Blikanesi 31, Garðakaupstað, fæddum 5. júlí 1965 í Reykjavík, fyrir að aka fimmtudaginn 23. janúar 1986, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni G-298 frá heimili sínu áleiðis til Reykjavíkur, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Hafnarfjarðarvegi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ög fyrir að aka, laugardaginn 8. febrúar 1986, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni G-298 frá heimili sínu áleiðis til Reykjavíkur, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Hafnarfjarðarvegi á Arnarnesi. Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur og hann hefur samkvæmt sakavottorði sætt eftirdömdum kærnum og refsingum:

- 1983 8/11 í Garðakaupstað: Sátt: 3.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. og 46. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi 1 mán. frá 2.11. 1983.
 1984 20/6 í Garðakaupstað: Sátt: 600 kr. sekt f. brot g. 51. gr. umfl.
 1984 12/12 “ Dómur: 12.000 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 1.6. 1984.
 1985 7/1 í Garðakaupstað: Sátt: 3.500 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.
 1985 9/5 “ “ 8.000 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.

Málavextir:

1. Fimmtudaginn 23. janúar 1986 kl. 09:02 veitti lögreglan í Hafnarfirði athygli bifreiðinni G-298, þar sem henni var ekið suður Hafnarfjarðarveg. Þar sem lögreglan hafði grun um að ökumaður bifreiðarinnar, er var ákærði í máli þessu, væri sviptur ökuleyfi, var bifreiðinni veitt eftirför og haft tal af ákærða sem var einn í bifreiðinni, þar sem hún stöðvaði við bensinstöð Olís við Hafnarfjarðarveg. Ákærði viðurkenndi að hann væri sviptur ökuleyfi ævilangt með dómi frá 1. júní 1984 að telja. Ákærður var færður á lögreglustöð Hafnarfjarðar, þar sem rannsóknarlögreglumadur tók af honum skýrslu. Þar játaði ákærði brot sitt. Hann kvaðst hafa verið að aka frá heimili sínu áleiðis til Reykjavíkur þar sem að hann kvaðst vinna. Hann kvað föður sinn eiga bifreiðina.

2. Laugardaginn 8. febrúar 1986 kl. 09:15 voru lögreglumenn við lög-gæslustörf er þeir sáu bifreiðinni G-298 ekið austur Bæjarbraut í Garða-

kaupstað. Þar sem lögreglumenn höfðu grun um að ökumaður er reyndist vera ákærði í máli þessu (sic), var bifreiðinni veitt eftirför og akstur hans stöðvaður á Hafnarfjarðarvegi norðan í Arnarnesi og hafði lögreglan þar tal af ákærða. Ákærði játaði að vera sviptur ökuleyfi ævilangt. Hann kvaðst vera á leið til vinnu í Reykjavík. Ákærði var færður á lögreglustöð þar sem rannsóknar-lögreglumaður tók af honum skýrslu. Eftir skýrslutöku var hann frjáls ferða sinna. Í skýrslu sinni fyrir rannsóknarlögreglu játaði ákærði brot sitt og kvaðst hann hafa verið að aka bifreiðinni G-298 og hafa komið heiman að frá sér með viðkomu í Búðunum í Garðabæ. Hann kvaðst hafa verið á leið til Reykjavíkur í vinnu.

Ákærði hefur hér fyrir dómi í dag játað ofangreind brot sín og staðfest nafnrítanir sínar undir skýrslur þær er hann gaf hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði.

Með játningu ákærða, skýrslum lögreglunnar og öðrum gögnum málsins þykir fullsannað að hann hafi framið brot þau sem honum eru að sök gefin í ákæruskjölum.

Þar sem ákærði er í máli þessu ákærður fyrir hið 3. og hið 4. brot sitt gegn ákvæðum 27. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 þykir við ákvörðun refsingar í máli þessu eigi verða komist hjá því að gera honum varðhaldsrefsingu og þykir refsingin sem ákveðst samkvæmt 80. gr. laga nr. 40, 1968 sbr. lög nr. 54, 1976, vera hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Þórður Bachmann, sæti varðhaldi í 30 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.